



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2017

## DANS1DL05

Daglegt líf

<b>Kennarar:</b>	<b>Ronald Björn Guðnason</b> <b>Sólveig Sigmarsdóttir</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>RBG</b> <b>SS</b>
------------------	--	---------------	-------------------------

**Áfangalýsing:** Í áfanganum er lögð áhersla á að byggja grunn í tungumálinu. Efni áfangans fjallar um daglegt líf og markmiðið er að styrkja alla færniþætti tungumálsins.

**Tal:** Áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í að tala einfalda dönsku, tvö og tvö saman eða með kennara.

**Hlustun:** Nemendur vinna með hlustun sem tengist þeirra áhugasviði og daglegu lífi.

**Ritun:** Nemendur skrifa stutta texta eins og t.d. persónuleg bréf, skilaboð eða endursögn um kvikmynd.

**Orðaforði:** Nemendur vinna með orðaforða í tengslum við námsefnið.

**Lestur:** Nemendur lesa smásögur og ýmiss konar léttlestrartexta.

**Undanfari:** Enginn

**Þekkingarmarkmið við lok áfangans eru að nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:**

- grunnþáttum í ritun á dönsku
- daglegu lífi ungs fólks í Danmörku
- stuttum textum sem fjalla um kunnuglegt efni
- orðaforða sem tengist áhugasviði og daglegu lífi
- einföldu daglegu talmáli um kunnuglegt efni

**Leiknimarkmið við lok áfangans eru að nemandi skal hafa öðlast leikni í:**

- nota viðeigandi hjálpargögn og upplýsingatækni
- svara spurningum skriflega og skrifa stutta texta í samfelldu máli um efni sem hann hefur áhuga á eða þekkir til
- beita orðaforða á skýran og réttan hátt
- svara spurningum munnlega og taka þátt í einföldum samræðum um kunnuglegt efni
- skilja talað mál þegar talað er skýrt um kunnuglegt efni
- lesa ýmiss konar texta á eigin áhugasviði og beita viðeigandi lestraraðferðum hverju sinni

**Hæfnimarkmið við lok áfangans eru að nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- fylgjast með frásögnum og skilja aðalatriði ef efnið er kunnuglegt
- tileinka sér aðalatriðin í stuttum greinum og draga ályktanir af því sem hann les
- tjá skoðun sína
- lesa einfaldan skáldskap sér til ánægju
- miðla eigin skoðunum og tilfinningum skrifa stutta samantekt, t.d. um kvikmynd

### Námsefni:

- **På vej**, lesbók og verkefnabók
- Skáldsaga: **Trælkvindens søn**, ljósrit
- Smásögur: **Pip i papkassen**

### Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
1	21. – 25. ágúst	Kynning á áfanga og námsefni	
2	28. ágúst – 1. sept.	På vej + eigið val	Ritun 1
3	4. – 8. september	På vej	Glósupróf 1
4	11. – 15. september	På vej	Glósupróf 2
5	18. – 22. september	På vej + hlustun	Hlustun 1
6	25. – 29. september	På vej	Glósupróf 3
7	2. – 6. október	På vej	Ritun 2
8	9. – 13. október	På vej	<b>Kátir dagar</b>
9	16. – 20. október	På vej	Munnlegt 1
10	23. – 27. október	Pip i papkassen - smásaga	Adam
11	30. okt. – 3. nóv.	Pip i papkassen - smásaga	Damen der elskede ...
12	6. – 10. nóvember	Pip i papkassen - smásaga	Prinsessen på tærten
13	13. – 17. nóvember	Upplstur	Hlustun 2
14	20. – 24. nóvember	Trælkvindens søn - skáldsaga	Próf 1
17	27. nóv. – 1. des.	Trælkvindens søn - munnlegt	Munnlegt 2
18	4. – 8. desember	Trælkvindens søn - skáldsaga	Próf 2

### Sérreglur áfangans:

Símat og leiðsagnarmat sem byggir á fjölbreyttu námsmati í tengslum við verkefnavinnu og þemavinnu, einnig jafningjamati, smærri prófum og könnunum. Matið tekur til allra færniþátta, þ.e. hlustunar, tals, ritunar og lesturs.

**Fyrirkomulag námsmats:**

<b>Námsþáttur</b>	<b>Lýsing á námsmati</b>	<b>Vægi</b>
Glósupróf	Þrjú próf	15%
Ritun	Tvö próf	20%
Hlustun	Tvö próf	20%
Smásögur	Þrjú próf	15%
Skáldsaga	Tvö próf	10%
Munnlegt	Tvö próf	20%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

*Ronald Björn Guðnason*

*Sólveig Sigmarsdóttir*